

## LISTIR

## Kilja



**Krýningarháttíðin** eftir **Boris Akúnin** í þýðingu **Árna Bergmann** er komin út í kilju. Sögurnar um Fandorin gerast í lok 19. aldar og sameina anda rússnesku

meistaranna, Dostojevskís, Túrgejevskis og Tolstojs, og þá spennu sem einkennir glæpasögur nútímans.

Augu heimsins beinast að Moskvu og tígnarfólk streymir til borgarinnar. Krýningarháttíð Nikulásar II og Alexöndru drottningar fer í hönd. Skyndilega berast skelfileg tíðindi um hallarsalina í Kremli: Míka prins hefur verið numinn á brott og ræninginn, dr. Lind, heimtar stærsta gimsteininn í veldissprota keisarans að lausnargjaldi. Hver er þessi dr. Lind sem reynir að grafa undan öruggi ríkisins með því að hóta að myrða saklaust barn?

Erast Fandorin er talinn slyngasti rannsóknarlögrelumaður Rússlands og hann er sá eini sem von er til að geti leyst þessa gátu og fundið „doktorinn“.

Útgefandi er Mál og menning.

Bókin er 344 bls., prentuð í Danmörku. Kápuhönnun: Skaparinn ehf.

Verð: 1.599 kr.



Íþróttataska, aðeins 2.400 kr.

**Moggabúðin**

# „Þegar listin hættir að gagnrýna verður hún eingöngu afþreying“

PENETRATION er yfirskrift sýningar norska myndlistarmannsins Patrick Huse, sem var opnuð í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í gær. Náttúran er viðfangsefni Huse á sýningunni og er hún sú síðasta af þremur í trilogíunni Rethinking Landscape, sem listamaðurinn hefur unnið að á ný ára tímabili. Tvær fyrri sýningarnar voru „Norrænt landslag“, sem sett var upp í Hafnarborg árið 1995 og „Rift“ á Kjarvalsstöðum árið 1999.

## Listin veitir vernd gegn náttúrunni

„Sýningin leitast við að velta upp pælingum um hvernig við kjósum að skilgreina okkur sem hluta af náttúrunni. Við reynum að beisla hana, meðal annars af öryggisástæðum, sem er auðvitað þversögn við þá staðreynd að við sem menn erum sjálf hluti af náttúrunni, ein af tegundum hennar. Við sjálf erum lífræn,“ segir Huse. Hann segist hafa leitað fanga og innblásturs á norðlægum slóðum, mestmegnis á Íslandi, en einnig í Noregi og Svíþjóð. Verkin á sýningunni eru afar fjölbreytileg, þar gefur að líta stóra stríga af landslagi, sem sumir hverjir minna á blöndu af Kjarval og Jackson Pollock í sömu andrá, videoverk, stálskúlpútra með vel völdum setningum á borð við „Listin veitir vernd gegn náttúrunni“ og „Þegar listin hættir að vera þjóðfélagsgagnrýni verður hún eingöngu afþreying“, auk textaverka sem ætli



Morgunblaðið/Sverrir

„Allir vilja fara í heitt það að loknum löngum vinnudegi, en ég hugsa að í raun snúist ykkar umræður um hversu mikið það kosti ykkur,“ segir norski listamaðurinn Patrick Huse um virkjanaáform á Austurlandi. Náttúran er meginviðfangsefni sýningar hans í Hafnarhúsinu sem var opnuð í gær.

að er að vekja athygli á hugmyndum listamannsins um hugtakið náttúru. „Það fer eftir því hvað það er sem ég er að vekja athygli á hverju sinni hvaða miðil ég nota. Stundum hentar

málverkið betur til að lýsa því sem ég vil koma á framfæri, en stundum virkar hreinn texti betur,“ útskýrir Huse, sem segist nota fjölbreytta miðla á þennan hátt nú til dags. Hann viðurkennir þó að

hann hafi verið nokkuð hefðbundnari í framsetningu á árum áður.

Huse segir ómögulegt fyrir sig að draga nokkrar ályktanir útfra því sem hann setur fram á sýningunni. Enginn myndi vilja taka afleiðingunum. „Sýningin verður því frekar eins og áminning. Það er ekki eins og þessi mál hafi ekki verið rædd áður – markmiðið er frekar að taka þau upp aftur og koma náttúrunni inn í hringiðu þjóðfélagsumræðunnar á nýjan leik. Það er athyglisvert að á Norðurlöndunum lifir fólk í mjög miklu návígi við náttúruna, og þó er náttúran ekki stærri hluti en svo af umræðunni,“ segir Huse sem sjálfur á heimili í Noregi umkringdur náttúrunni.

Í samtali við erlendan listamann sem lætur sig náttúruna og þjóðfélagsumræðu um hana svo miklu varða, er ekki úr vegi að minnast á virkjanaáform á Austurlandi og hvað Huse finnst um það mál. „Það eina sem hægt er að segja um það er að þið verðið að ákveða hvað þið þurfið og hversu mikið þið eruð tilbúin að borga fyrir það. Allir vilja fara í heitt það að loknum löngum vinnudegi, en ég hugsa að í raun snúist ykkar umræður um hversu mikið það kosti ykkur,“ segir Huse að lokum.

Í dag kl. 15.00 býður Listasafn Reykjavíkur upp á listamannspjall Patricks Huse í tengslum við leiðsögn um sýninguna, en hún stendur til 27. apríl.

## Hönnun, myndlist, arkitektúr?

Fornám

Myndlistaskólinn í Reykjavík býður upp á árs nám skólaárið 2003-2004 til undirbúnings háskólanámi í sjónmenntum. Námið er 39 einingar og skipulagt með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla.

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa lokið a.m.k. 104 ein. í almennum greinum framhaldsskóla eða sambærilegu námi.

Inntökupróf fara fram 31. maí og 1. júní 2003.

Æskilegur undirbúningur fyrir inntökupróf eru t.d. námskeið myndlistaskóla eða valáfangar framhaldsskóla, s.s. SJL 103 og SJL 203, módelteikning, hlutateikning eða form/litafræði.

Umsóknarfrestur er til 4. apríl 2003.

**MYNDLISTASKÓLINN**  
THE REYKJAVÍK SCHOOL OF VISUAL ART  
Í REYKJAVÍK  
HRINGBRAUT 121 • 107 REYKJAVÍK • SÍMI 551 1990

Umsóknareyðublað á skrifstofu og heimasíðu skólans. Skólinn er á 2. hæð í JL-húsinu, Hringbraut 121. Opíð mánudaga-fimmtudaga kl. 14-18 og föstudaga kl. 14-17. S. 551 1990, f. 551 1926, mynd@myndlistaskolinn.is, www.myndlistaskolinn.is



Morgunblaðið/Kristinn

Snorri Örn Snorrason, Marta G. Halldórsdóttir og Camilla Söderberg.

## Snemmarokk og nútímatónlist kallast á

TÓNLISTARHÓPURINN Contrasti heldur tónleika í Hafnarborg kl. 20 í kvöld. Flytjendur að þessu sinni eru þau Marta Guðrún Halldórsdóttir sópransöngkona, Camilla Söderberg blokkflautuleikari og Snorri Örn Snorrason lítu- og gítarleikari.

Flutt verður endurreisnartónlist, snemmarokk og nútímatónlist m.a. eftir Claudio Monteverdi, Luciano Berio og Benjamin Britten.

Verkið eftir Monteverdi er einsonar Kantata „Et é pur dunque vero“ fyrir sópran, blokkflautu og fylgiródd. Þá verða flutt fimm þjóðlög fyrir sópran og gítar í útsetningu Benjámin Britten og verk eftir Luciano Berio fyrir sópranródd. Þetta verk var samið fyrir sópransöngkonuna Kathy Barberian

sem var eiginkona tónskáldsins og er eitt af svokölluðum „Sequenzum“ sem Berio samdi fyrir ýmiss hljóðferi. Röddin er hér nýtt á nýstárlegan máta og gerir miklar kröfur til flytjandans.

Á efnisskránni er einnig verkið Musica da Camera fyrir blokkflautu og gítar eftir þýska flautuleikarann og tónskáldið Hans Martin Linde frá árinu 1972. Þetta verk sem er í fjórum köflum er á léttum nótum og oft stutt í húmorinn, en síðasti kaflinn ber yfirskriftina „Serenata, mit freundlichen Grüßen an Kaspar Fürstenau“ (1772-1819). Þá verða einnig fluttir grímudansar (Masque Dances) sem voru mjög vinsælir í Englandi á fyrri hluta 17. aldar og nokkur ítölsk sönglög samtímamanna Monteverdis.



**Oliu- og akrilmálun.**

Nýtt 6 vikna námskeið að hefjast.

Upplýsingar og innritun í sínum 562-2457 og 863-3563.

-gaman!

Laugavegi 26, 2.hæð  
562-2457 | 863-3563